

Frístundastyrkir Norðurþings - Reglur og skilyrði

1. Markmið og tilgangur frístundastyrkja

- Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og unglingar í Norðurþingi geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.
- Með frístundastyrknum má greiða að hluta fyrir íþróttta-, lista- og tómstundastarfsemi, á vegum félaga, samtaka og stofnana sem hafa gert samning um endurgreiðslu frístundastyrkja við Norðurþing.
- Frístundastyrkurinn eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttta-, lista- og tómstundastarfsemi.

2. Skilyrði fyrir veitingu frístundastyrkja

- Að iðkandi/styrkþegi eigi lögheimili í Norðurþingi eða stundi nám í leik-, grunn- og framhaldsskólum í Norðurþingi.
- Að félagið/stofnunin sem nýtur greiðslunnar hafi gert samning um endurgreiðslu frístundastyrkja við Norðurþing.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 2 – 18 ára miðað við fæðingarár (2002-2017).
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða.
- Að ekki verði óeðlilegar hækkningar á kostnaði við iðkun og æfingagjöldum.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald viðkomandi íþróttta- eða tómstundagreinar.
- Skipulagt frístundastarf þarf að ná yfir 10 vikur að lágmarki til að teljast styrkhæft.

3. Reglur um notkun frístundastyrkja

- Styrkurinn veitir foreldrum og forráðamönnum rétt til að ráðstafa ákveðinni upphæð á ári fyrir hvert barn. Skal sú upphæð ákveðin við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Fyrir árið 2019 er upphæðin kr. 10.000.
- Notkun styrksins fer fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi Norðurþings eða viðkomandi félags.
- Með styrknum má greiða fyrir skipulagt frístundastarf hjá félagi/stofnun sem gert hefur samning við sveitarfélagið um notkun frístundastyrkja. Þetta á t.d. við um starfsemi viðurkenndra íþróttafélaga, æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla og fl. Yfirlit yfir samstarfsfélög og stofnanir má finna á vefsíðu Norðurþings.
- Þegar foreldri eða forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags þá er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra.
- Ráðstöfunarréttur fellur niður uppfylli styrkþegi ekki lengur skilyrði samkvæmt lið 2.

4. Framkvæmd skráningar og uppgjörs frístundastyrkja

- Hvert félag/stofnun skal gera samning við Norðurþing, ætli það að taka þátt í frístundastyrkjakerfinu.
- Þar kemur fram nafn félags/stofnunar og um hvaða frístundastarf er að ræða.
- Til að taka við frístundastyrk verða félög/stofnanir að hafa rekstur undir eigin kennitölu.

5. Sérstakar aðstæður

- Vafamál eru tekin sérstaklega til umfjöllunar hjá fjölskylduráði Norðurþings.

6. Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir

Næsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2019.

Reglur samþykktar á 18.fundi fjölskylduráðs 7.janúar 2019.

Reglur staðfestar á fundi sveitarstjórnar 22.janúar 2019.